

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM
III. Hluti

Markaðsviðskipti og viðskiptahættir (30%)
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir

Föstudagur 20. apríl 2007

Prófið er 3 blaðsíður

Öll námsgögn leyfileg

Vinsamlegast svarið á sérstakt svarblað sem fylgir með (Krosspróf – svarblað). Gætið þess að merkja svarblað með prófnúmeri, munið að slökkva á farsímum og vinsamlegast hafið persónuskilríki á borðum.

Gangi ykkur vel!!

(Vægi 30 %)

Krossaspurningar (hver kross hefur 2,5% vægi).

Athugið að svörum við krossaspurningum skal skilað á sérstöku svarblaði

1. Í reglunni um óhlutdrægni og jafnræði felst m.a. að:

- a) Fjármálafyrirtæki verður að bjóða öllum viðskiptavinum sínum sömu kjör og sömu ráðgjöf.
- b) Fjármálafyrirtæki verða að veita sambærilegum viðskiptamönnum sambærilega ráðgjöf og sambærileg kjör í viðskiptum.
- c) Viðskiptavinurinn skal njóta þess verðs og annarra skilmála sem tíðkast í viðskiptum milli skyldra aðila.
- d) Bæði a) og b).

2. Hver eftirtalinna fullyrðinga er rétt:

- a) Óheimilt er að færa starfsmenn milli kínamúra nema fá skriflegt leyfi regluvarðar.
- b) Starfsmönnum er heimilt að færa á milli kínamúra viðkvæmar upplýsingar ef þeir skrá upplýsingarnar hjá regluverði.
- c) Fjármálafyrirtækjum nægir að aðgreina á milli viðskipta með eigin reikning, miðlun, eignastýringu, fyrirtækjaráðgjöf og bakvinnslu.
- d) Mikilvægt er að fjármálafyrirtæki skilgreini hvaða aðgangstakmarkanir starfsmenn hafa vegna kínamúra.

3. Kínamúrar fjármálafyrirtækja fjalla m.a. um aðskilnað:

- a) milli einstakra sviða í aðgangi að gögnum, þ.m.t. rafrænum, uppsetningu húsnæðis og stjórnun.
- b) í skipuriti fyrirtækisins.
- c) milli móður- og dótturfélaga.
- d) milli starfsmanna ótengdra fjármálafyrirtækja.

4. Meginmarkmið reglunnar um kínamúra fjármálafyrirtækja er að:

- a) Styrkja regluna um bann við innherjasvikum.
- b) Styrkja regluna um bann við misnotkun trúnaðarupplýsinga.
- c) Gæta hagsmuna fjármálafyrirtækja vegna fjölbreyttrar þjónustu sem þau veita mismunandi viðskiptavinum.
- d) Bæði a) og b).

5. Þegar verðbréf eru seld í lokuðu útboði:

- a) Þá þarf Fjármálaeftirlitið að staðfesta lýsinguna.
- b) Eru þau boðin afmörkuðum hópi sem ekki telst til fagfjárfesta.
- c) Þarf að gera grein fyrir áhættunni samfara kaupum á verðbréfum í lokuðu útboði.
- d) Ekkert ofangreint á við.

6. Ef starfsmenn fjármálafyrirtækja ráðleggja viðskiptamönnum að eiga viðskipti með verðbréf þá:

- a) Ber þeim alltaf að greina viðskiptamanninum frá því ef fjármálafyrirtækið á hlut í útgefanda skráðra verðbréfanna sem um ræðir.
- b) Ber þeim alltaf að sýna viðskiptavininum yfirlit yfir eignahlut fjármálafyrirtækisins svo viðskiptavinurinn getur sjálfur lagt mat á stöðu sína gagnvart fjármálafyrirtækinu.
- c) Ber þeim að greina frá því ef starfsmaðurinn sjálfur á hlut í viðkomandi fyrirtæki.
- d) Ekkert af ofangreindu á við.

7. Hver eftirtalinna fullyrðinga er rétt:

- a) Í tengslum við viðskipti fyrir eigin reikning fjármálafyrirtækis skal það gæta trúverðugleika fyrirtækisins.
- b) Samkvæmt lögbundnum forgangsrétti hluthafa samkvæmt hlutafélagalögum fá hluthafar rétt til að kaupa hlutabréf á lægri verði áður en bréfin eru boðin almenningi til kaups.
- c) Aðgreina þarf öll viðskipti fjármálafyrirtækis frá miðlun og gæta þess að miðlun rekist á engan hátt við hagsmuni viðskiptamanna.
- d) Fjármálafyrirtæki verður að gæta þess skrá öll viðskipti svo stjórnin geti sinnt eftirlitshlutverki sínu samkvæmt hlutafélagalögum.

8. Þegar starfsmenn fjármálafyrirtækja eiga sjálfir viðskipti með óskráð verðbréf þá:

- a) Verða þeir að eiga verðbréfin í þrjá mánuði að lágmarki.
- b) Mega þeir ekki kaupa bréfin nema með milligöngu fjármálafyrirtækisins sem þeir starfa hjá svo regluvörður hafi yfirsýn yfir viðskipti starfsmanna.
- c) Verða þau að hafa verið boðin til sölu, hvort sem um er að ræða upphaflega sölu eða síðari sölu, með almennu útboði.
- d) Mega þeir aðeins fjárfesta í hlutabréfum í fjármálafyrirtækinu sjálfu eða fjölskyldufyrirtæki starfsmannsins.

9. Starfsmönnum og stjórnarmönnum fjármálafyrirtækja:

- a) Er óheimilt að taka sér hvaða aukastörf sem er nema að fengu leyfi stjórnarformanns fjármálafyrirtækisins.
- b) Er óheimilt að sitja í stjórn annarra fyrirtækja, vera á launaskrá eða taka þátt í atvinnurekstri á einhvern hátt.
- c) Er óheimilt að eiga verulegan eignahlut í öðrum fjármálafyrirtækjum.
- d) Ekkert ofangreint á við.

10. Hver eftirtalinna fullyrðinga er rétt:

- a) Þegar stjórnarmenn eiga viðskipti með hluti fjármálafyrirtækisins sem þeir eiga eignarhlut í þá ber þeim að fá leyfi hjá regluverði áður.
- b) Stjórnarmönnum ber að gæta þess að eiga ekki viðskipti sem gæti kastað rýrð á trúverðugleika og orðstír þeirra og fjármálafyrirtækisins.
- c) Almennar reglur um viðskiptaröð gilda ekki um stjórnarmenn og eigendur fjármálafyrirtækja.
- d) Stjórnarmönnum er aðeins heimilt að taka þátt í almennum útboðum á vegum fjármálafyrirtækisins ef óskað er eftir tilboðum hlut á föstu gengi.

11. Hver eftirtalinna fullyrðinga er röng:

- a) Regluvörður þarf að vera sjálfstæður í starfi sínu og þarf að hafa aðgang að öllum upplýsingum sem máli geta skipt í starfi hans sem regluvörður.
- b) Regluvörður þarf að vera starfsmaður viðkomandi fjármálafyrirtækisins en hann getur sinnt regluvörslunni í hlutastarfi.
- c) Regluverði er heimilt að sinna regluvörslu í dótturfélögum fjármálafyrirtækisins ef fjármálafyrirtækið er samstæða.
- d) Regluvörður getur bannað viðskipti starfsmanna þótt fjármálafyrirtækið búi ekki yfir trúnaðarupplýsingum.

12. Starfsmanni greiningardeildar er:

- a) Heimilt að annast greiningu á útgefanda verðbréfa, enda sé eignarhlutur starfsmannsins í útgefandanum óverulegur.
- b) Óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf útgefin af samkeppnisaðilum þeirra útgefenda sem hann annast greiningu á.
- c) Heimilt að annast greiningu á útgefanda verðbréfa, enda sé eignarhlutur starfsmannsins í útgefandanum óverulegur og greint er frá hagsmunum hans í greiningu.
- d) Heimilt að annast greiningu á útgefanda verðbréfa, enda sé eignarhlutur starfsmannsins í útgefandanum óverulegur, greint er frá hagsmunum hans í greiningu og hann sé hvorki innherji í félaginu né hafi nýlega starfað þar